21 c. Hinn þriðji fer frá Odda, þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Reykjavík, um Stórólfshvol að Teigi í Fljótshlíð, og þaðan aptur sömu leið að Odda.

21. ÁRNESSÝSLUPÓSTARNIR eru fjórir:

a. Hinn fyrsti fer frá Kotströnd í Ölfusi þegar eptir komu aðalpóstsins þangað frá Reykjavík að Úlfljótsvatni í Grafningi og snýr þaðan aptur að Kotströnd.

b. Annar fer frá Hraungerði sem fyrst eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, um Arnarbæli í Grímsnesi og Mosfell að Torfastöðum í Biskupstungum, og þaðan aptur sömu leið að Hraungerði.

c. Hinn þriðji fer sömuleiðis frá Hraungerði, sem fyrst eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík um Ólafsvelli og Reyki á Skeiðum að Stóranúpi og þaðan aptur sömu leið að Hraungerði.

d. Hinn fjórði fer og frá Hraungerði, sem fyrst eptir komu aðalpóstsins frá Reykjavík, ofan á Eyrarbakka, og snýr þaðan aptur daginn eptir að Hraungerði.

Reykjavík 18. febr. 1898.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

**Magnús Stephensen.**

---

**Jón Magnússon.**

22

# Reikningur

yfir

tekjur og gjöld gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar til Svarfaðardalshrepps 1897.

Tekjur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| I. | Eign við árslok 1896: | | |
| | Í fasteign . . . . . . . . . . . . . . . . . | | kr. 2310,00 |
| II. | Jarðarafgjöld: | | |
| | a. Landsskuldir í fardögum 1897 201½ meðalal. á 46 a. | kr. 92,69 | |
| | b. Leigur á Mikaelismessu 1897 85 meðalál. á 46 a. | — 39,10 | — 131,79 |
| III. | Ofborgað til oddvita Svarfaðardalshrepps . . . . . . . . . | | — 0.60 |
| | | | kr. 2442,39 |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| I. | Umboðslaun 1/6 af kr. 131,79 . . . . . . . . . . . | — 21,96 |
| II. | Legukostnaður Halldórs á Brautarhóli . . . . . . . . . | — 13 80 |
| III. | Oddvita Svarfaðardalshrepps sendar 27/10 þ. á. . . . . . . | — 96,63 |
| VI. | Eign til næsta árs: | |
| | Í fasteign . . . . . . . . . . . . . . . . | — 2310,00 |
| | | kr. 2442,39 |

Íslands norður- og austuramt. Akureyri 28. des. 1897.

*Páll Briem. Jónas Jónasson,*
(settur).